

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur (167. mál)

Þann 22. febrúar sl. leitaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn embættis umboðsmanns skuldara um ofangreint þingmál.

Samkvæmt núgildandi lögum um umboðsmann skuldara nr. 100/2010 og lögum um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara nr. 166/2011, standa fjármálafyrirtæki, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og váttryggingarfélag o.fl., straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds. Gjaldið rennur til reksturs embættisins og greiðslu fjárhagsaðstoðar til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Samkvæmt framangreindu frumvarpi er lagt til að þessu verði breytt og að gjaldið renni í ríkissjóð. Embættið hefur ákveðnar athugasemdir við þessa breytingu sem raktar verða í þessari umsögn.

Í greinargerð með lögum um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara nr. 166/2011, kemur fram að frumvarpið var lagt fram í þeim tilgangi að gera gjaldtöku vegna reksturs embættisins skýrari og skilvirkari ásamt því að styrkja rekstrargrundvöll stofnunarinnar. Var gert ráð fyrir að við ákvörðun gjaldsins yrði það haft að markmiði að mismunur á tekjum og gjöldum umboðsmanns skuldara yrði sem minnstur á hverju ári og gjaldskyldir aðilar myndu standa beint undir þeim mismun eða njóta hans. Það yrði gert með því að við álagningu fyrir komandi almanaksár hverju sinni yrði tekið tillit til rekstrarafkomu fyrra árs. Með lögnum var þannig lagt til að samræmi væri á milli gjaldtöku og rekstrarkostnaðar umboðsmanns skuldara. Við samningu frumvarpsins var m.a. höfð hliðsjón af lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 99/1999.

Samkvæmt lögum nr. 166/2011 skal umboðsmaður skuldara gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta almanaksárs fyrir 1. júlí ár hvert. Með skýrslunni skal fylgja álit samráðsnefndar gjaldskyldra aðila. Lögin veita ekkert svigrúm til að breyta gjaldtöku næsta árs, verði gerð krafa um lækkun rekstrarkostnaðar þegar fjárlagavinna hvers árs fer fram. Ef horfið er frá því að umrædd gjaldtaka sé eymamerkt rekstrarkostnaði embættisins, geta gjaldskyldir aðilar ekki lagt traust á að álögð gjöld nemi þeirri fjárveitingu sem embættinu er ætlað með fjárlögum. Þar sem fjárveiting er háð fjárstjórnarvaldi Alþingis er ekki tryggt að embættið fái greiddan þann rekstrarkostnað sem áætlaður er skv. framangreindri skýrslu og var grundvöllur gjaldtökunnar. Væri þannig gengið gegn því sem lagt var upp með í lögum nr. 166/2011, um að samræmi sé á milli gjaldtöku og rekstrarkostnaðar embættisins.

Að mati embættisins verður því að líta til þess að umrædd gjaldtaka er í beinu sambandi við fjárþörf stofnunarinnar, tekjurnar eru þannig ekki breytilegar í takt við hagsveiflur, eftirspurn eða aðra hagræna þætti, sbr. t.d. tekjur af bensíngjaldi og framlög til framkvæmda í vegamálum.

Með tilliti til framangreinds má telja það ákveðinn forsendubrest ef framlög til umboðsmanns skuldara yrðu lægri en sem næmi gjaldtöku skv. lögum nr. 166/2011. Embættið telur því að sterk rök mæli með því að í breytingaákvæði á lögum nr. 166/2011 sé kveðið á um lögbundið framlag til umboðsmanns skuldara. Í því sambandi vill embættið benda á að Fjármálaeftirlitið (FME) kom með athugasemdir við sambærilegu frumvarpi sem flutt var á 143. löggjafarþingi árið 2014. Var komið til móts við þær áhyggjur með þeim hætti að í frumvarpi því sem nú er til umsagnar, er kveðið á um lögbundið framlag úr ríkissjóði til FME sem taki mið af áætluðum tekjum af eftirlitsgjaldi á viðkomandi ári. Líkt og framan greinir er gjaldskylda skv. lögum nr. 166/2011 byggð á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 99/1999.

Umfang starfsemi umboðsmanns skuldara er að meginstefnu til bundin við fjölda þeirra einstaklinga sem leita til embættisins hverju sinni og hefur því stofnunin ákveðna sérstöðu hvað það varðar. Þar sem meginhlutverk embættisins er að aðstoða einstaklinga í greiðsluferfiðleikum, má segja að stofnunin sé að ákveðnu leyti að veita viðskiptavinum gjaldskyldra aðila þjónustu vegna þeirrar eigin lánastarfsemi, þrátt fyrir að þjónustan teljist ekki sérgreind gagnvart gjaldendum. Mikilvægt er að embættið hafi sveigjanleika í rekstri og geti brugðist skjótt við, ef umsóknarfjöldi eykst eða minnkar. Með tilliti til þess telur embættið mikilvægt að tryggt sé í lögum að framlag ríkissjóðs til embættisins skuli að lágmarki nema áætluðum tekjum af álögðum gjöldum á gjaldskylda aðila skv. lögum nr. 166/2011.

Virðingarfyllst,

Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara